

GJALDSKRÁ

Fráveitu Hveragerðis.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við 15. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og samþykktar fyrir Fráveitu Hveragerðis, samþykktá í bæjarstjórn 14. janúar 2011.

2. gr.

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst geru Fráveitu Hveragerðis ber að greiða gjald fyrir tengingu við Fráveitu Hveragerðis sbr. 13. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og reksturs fráveitna. Gjaldið stendur undir kostnaði við tengingar fráveitu og tekur mið af gerð, stærð og lengd tenginga. Með tengigjaldi er innheimt hlutdeild í stofnkostnaði við aðliggjandi fráveitukerfi.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum í Hveragerði skal greiða tengigjald sem hér segir:

150 mm tenging (allt að 20 m löng)	150.000 kr.
200 mm tenging (allt að 20 m löng)	200.000 kr.
250 mm tenging (allt að 20 m löng)	250.000 kr.

Þar sem sérstakar aðstæður eru til staðar, sbr. 7. gr. samþykktar um Fráveitu Hveragerðis eða tenging er lengri en 20 metrar skal lóðarhafi greiða raunkostnað við að tengja viðkomandi fasteign við Fráveitu Hveragerðis eða gerð hreinsivirkis.

Verð tengigjalda breytist fyrsta janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. janúar 2011 og er 100,8 stig.

3. gr.

Hveragerðisbær innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og reksturs fráveitna. Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald í Hveragerði er 0,145% af fasteignamati fasteigna.

4. gr.

Ekki eru í gildi reglur um niðurfellingu eða afslátt á tengi- eða fráveitugjaldi í Hveragerði.

5. gr.

Fráveita Hveragerðis annast árlega tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Hveragerði. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald í Hveragerði fyrir hreinsun hveirrar rotþróar minni en 5 rúmmetra að stærð eru 47.000 kr. Fyrir hreinsun rotþróa, stærri en 5 rúmmetrar skal gjald fyrir tæmingu þeirra vera í samræmi við raunkostnað í hverju tilviki fyrir sig.

6. gr.

Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega hreinsun. Bæjarstjórn er einnig heimilt að innheimta sérstakt auka-gjald þar sem þannig háttar til að um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Miðað er við að gjaldið endurspegli þann raunkostnað sem af verkinu hlýst.

7. gr.

Gjalddagi tengigjalds er við úthlutun lóðar sem er í eigu Hveragerðisbæjar eða hann hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Hveragerðisbær innheimtir fráveitugjald og gjald fyrir tæmingu rotþróa með fasteignaskatti og eru gjalddagar þeir sömu. Gjalddagar gjaldsins skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri samnings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.